


# Fuglalíf fyrir og eftir þverun í Önundarfirði og Dýrafirði

**Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson**

Náttúrustofa Vestfjarða Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík

Önundarfjörður og Dýrafjörður voru brúaðir 1980 og 1991. Gerðar voru nokkuð ítarlegar náttúrufarskannanir í þessum fjörðum fyrir þverun, sem gerir það mögulegt að kanna hvort umtalsverðar breytingar hafi orðið á náttúrufari. Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar hefur styrkt að slík könnun færi fram og hófust athuganir árið 2003. Fyrsti hluti þessara athugana fjallar um fuglalíf.




Rauðbrystingar.

Bornar voru saman athuganir á rauðbrystingi og sanderlu og varð ekki vart við fækkun hjá þessum tegundum.

Fuglar voru skoðaðir vor, sumar og haust. Notaðar voru sömu rannsóknaraðferðir og áður til að tryggja að niðurstöður væru sambærilegar.

Svæðið er stórt og því var það markað af línu, dregna frá Flateyri að Ófæru í Önundarfirði og frá Þingeyri að Lækjarósi í Dýrafirði. Hvorum firði fyrir sig var skipt í tvö svæði, innan brúar (A-svæði) og utan brúar (B-svæði).



Jaðrakan við Holt í Önundarfirði (BÞ/NV 2003).

Jaðrakan hefur fjölgað á svæðinu og er það sambærilegt við fjölgun annarstaðar á landinu.

Tafla 1. Æðarfugl eftir kyni og aldri í júlí 2003.

Staður	kk	kvk	ungar	samtals
Dýrafjörður A	1308	254	664	2226
Dýrafjörður B	143	349	641	1133
Önundarfjörður A	0	112	387	499
Önundarfjörður B	21	321	583	925

## Yfirlit yfir nokkrar tegundir í Dýrafirði.

2-3000 rauðbrystingar að vori, mest við Hvamm og Höfða.

Gulendur sjást yfir veturinn fyrir innan brú, 10-15 fuglar.

Kríuvarp (100 pör) við Grænanes.

Hettumáfsvarp við Seftjörn í Haukdal (ca 150 pör).

Kríur og hettumáfar nota svæðin töluvert fyrir innan brú í fjörðunum, bæði á vorin og síðsumars. Stelkur er einn algengasti varpfuglinn í Önundarfirði og er hann áberandi á leirunum allt sumarið.

Að meðaltali voru 3,7 ungar á kollu fyrir innan brú í Dýrafirði en 2,8 fyrir utan. Í Önundarfirði voru 3,6 ungar á kollu fyrir innan brú en 3 fyrir utan. Stakar kollur voru ekki teknar með í meðaltalið.

Æðarfugli virðist hafa fækkað fyrir innan brú í Önundarfirði en það má rekja til breytinga á æðarbúskap (tafla 1).

## Yfirlit yfir nokkrar tegundir í Önundarfirði.

Fáir rauðbrystingar 2003 en um 1000 fuglar í maí 2004.

Sanderlur (140) sást í Önundarfirði 2003.

Stórt kríuvarp (5-1000 pör) á Holtsodda.

Hettumáfsvarp (ca 200 hreiður) á Holtsodda.

Um 1000 stelkar fyrir innan brú snemma sumars.

Þessar niðurstöður benda ekki til umtalsverðra breytinga á fuglalífi við þverun þessara fjarða.

### Þakkarorð

Við þökkum starfsmönnum Náttúrustofu Vestfjarða: Petrínu F. Sigurðardóttir, Guðrúnu Steingrimsdóttir og Rannveigu Þórisdóttir.